



## Formannafundur aðildarfélaga UMSB 24. nóvember 2022 í Logalandi

Mættir eru:

Jakob MSB, Ingi Þór UMFR, Hafdís UMFstafholtstungna, Ingvi Golfklúbbur Borgarnes, Rakel G UMSB, Eva Margrét Sunddeild Skallagríms, Oddný Eva fyrir knattspyrnudeild Skallagríms, Aðalheiður UMF Íslendingur, Unnur Jóns UMF Dagrenning og frjálsíþróttafélag Borgarfjarðar, Sigríður Bjarnad formaður körfuboltadeildar Skallagríms, Guðrún UMSB, Sonja UMSB, Bjarney framkvæmdastjóri, Rakel Dögg UMSB.

Fundur settur kl. 18.15

1. Sonja Lind sambandsstjóri UMSB setur fundinn og fjallar í stuttu máli um sambandsþing UMFÍ sem var haldið á Höfn í Hornafirði í október. Mikið talað um sameiningu svæða og lottótekjur og dreifingu lottótekna.
2. Bjarney framkvæmdastjóri tekur til máls.  
Hvetur öll aðildarfélög að taka þátt í sjálfböðavinnu landsmóta, það skilaði inn góðum tekjum til þeirra aðildafélaga sem sendu inn sjálfböðaliða.  
Bjarney vill hvetja aðildafélögin að vera í sambandi við sig ef einhverja aðstoð vantar, hvort sem það er við umsóknir um styrki eða hvað sem er.  
Vill hvetja aðildafélög um að senda sér upplýsingar um viðburði sem eru á döfinni þá getur hún sett þá inná viðburðadagatal inná UMSB síðunni.
3. Sigríður Bjarnadóttir fyrrverandi gjaldkeri UMSB tekur til máls og fjallar um lottóúthlutanir. Það uppgötvaðist villa í lottóútreikningum og kom í ljós að lottótekjur höfðu verið ofgreiddar til nokkurar aðildarfélaga og deilda, mun það verða skuldajafnað í næstu úthlutunum. Þá ræddi hún vinnu nefndar um útteilingu lottótekna. Sjá fylgiskjal 1. Tillaga að breyttum úthlutunarreglum lotto til framtíðar. Fylgiskjal 2. Tillaga að aukaúthlutun lotto 2022.  
Mikil umræða um viðmiðin gagnvart iðkendum eða skráðum félögum innan aðildafélaga.  
Þarf að skilgreina betur eða samræma betur ferla gagnvart skráningum iðkenda og félaga.  
Aukaúthlutunin verður greidd sem fyrst og þá verður einungis tekið tillit til fjölda iðkenda og tímafjölda æfinga.

Viljum hvetja öll aðildarfélög að vera í góðu samtali.

Fundi slitið kl. 19.50.